



626. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 5. september 2025, kl. 12:30

Pátttakendur: Sandra Sigurðardóttir varaformaður sem stýrði fundi, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Gauti Árnason, Eyþór Harðarson fyrir Helgu Jóhönnu Harðardóttur og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir fyrir Anton Kára Halldórsson. Fjarverandi: Jóhannes Gissurarson. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Varaformaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Fjárhagur SASS

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhag samtakanna og þá vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við hann sem og þá vinnu sem fram undan er hjá fjárhagsnefnd fyrir Ársþing SASS. Lagt til að frá og með næstu áramótum skili framkvæmdastjóri uppgjöri fyrstu sex mánaða ársins til stjórnar til að auka upplýsingaflæði.

2. Innra starf SASS

Tillaga samþykkt um að skoða ráðningu starfsmanns til þess að sinna miðlun og miðlum samtakanna, mögulega í samtarfi við önnur verkefni sem tengjast samtökunum. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið áfram.

Rætt um að festa í sessi starfstengda launapróun innan samtakanna og horfa þá til þess sem aðrar sambærilegar einingar gera í þeim málum. Eins rætt um stofnun starfsmannafélags innan samtakanna. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Til skoðunar er að hefja vinnu við nýja heimasíðu fyrir SASS sem myndi jafnframt innihalda síður Sorpstöðvar Suðurlands og Eignarhaldsfélags Suðurlands, auk ART verkefnisins. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

3. Dagskrá Ársþings 2025

Dagskrá Ársþings SASS rædd og margar hugmyndir settar fram um fyrirkomulag og umgjörð. Stjórn felur framkvæmdastjóra og starfsfólki SASS að vinna áfram með hugmyndirnar og koma með tillögu að dagskrá.

4. ART verkefnið

Formaður og framkvæmdastjóri fóru ásamt verkefnastjóra ART verkefnisins á fund Mennta- og barnamálaráðherra til þess að óska eftir áframhaldandi og jafnframt uppfærðum samningi við ráðuneytið svo hægt sé að halda verkefninu áfram og jafnframt ráða starfsmann til viðbótar, til þess að hægt sé að sinna þeim þætti er snýr að því að allir landshlutar eigi möguleika á að nota ART þjálfun bæði sem forvarnar- og meðferðarúrræði.



Stjórn SASS bókar hvatningu til Mennta- og barnamálaráðherra að styðja ART verkefnið áfram og tryggja að gerður verði nýr þriggja ára uppfærður samningur við verkefnið svo hægt verði að halda þessari þjónustu áfram, enda styðji það jafnframt við lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem tekið hafa gildi.

5. Markaðsstofa Suðurlands

Formaður sagði frá fundi sem hún átti við framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands, þar sem rætt var um leiðir í samstarfi eftir þá úttekt sem samtökin létu gera á Markaðsstofunni. Stjórn leggur til að skoða málið betur með fulltrúum stjórnar SASS í stjórn Markaðsstofunnar og í framhaldi, fá framkvæmdastjóra Markaðsstofunnar á fund stjórnar til þess að ræða málið áfram.

6. Önnur mál

Lagt til að framkvæmdastjóri og starfsmenn SASS móti skýra ferla þegar kemur að umsögnum og ályktunum sem beint er til samtakanna. Þetta er gert til þess að samræmi sé í því hvaða mál fá umfjöllun og hvernig þeim er skilað af hálfu samtakanna. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Erindi frá sveitastjórn Flóahrepps:

Efni: Málefni Íslenska bæjarins í Austur Meðalholtum í Flóahreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á fundi nr. 325, dags. 02.09.2025:

„Íslenski bærinn í Austur Meðalholtum

Fyrir liggur minnisblað frá fundi dags. 25.08.2025 vegna málefna Íslenska bæjarins í AusturMeðalholtum. Á fundinum sátu fulltrúar sveitarstjórnar ásamt formanni Héraðsnefndar Árnesinga og safnstjóra Byggðasafns Árnesinga.

Í kjölfar fundar dags. 25.08.2025 um málefni Íslenska bæjarins í Austur-Meðalholtum og erindis frá Minjastofnun dags. 27.08.2025 um undirbúning friðlýsingar búsetulandslags að AusturMeðalholtum vill sveitarstjórn Flóahrepps leggja áherslu á aðkomu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins [Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið] að málinu enda sýni gögn frá Minjastofnun fram á rökstuðning á varðveislu einstæðri minjaheild, menningarlandslags bæjarhólsins og nánasta umhverfis hans. Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps sýna friðlýsingarskilmálar frá Minjastofnun fram á að farið hefur fram fagleg úttekt sem sýnir fram á mikilvægi þess að varðveita Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir viðbrögðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins [Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið] varðandi upplegg um starfsemi og varðveislu Íslenska bæjarins til framtíðar af hálfu íslenska ríkisins. Sveitarstjórn samþykkir að minnisblað sem liggur fyrir fundi verði sent á eigendur Íslenska



bæjarins til kynningar sem og á Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, Héraðsnefnd Árnesinga, Minjastofnun og Mennta- og menningarmálaráðuneytið [Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið] Samþykkt með 5 atkvæðum.”

Sveitarstjórn óskar eftir því að bókun sveitarstjórnar ásamt meðfylgjandi minnisblaði verði lagt fyrir hjá stjórn SASS til kynningar og umræðu.

-Stjórn SASS fór yfir málið og tekur undir bókun sveitastjórnar Flóahrepps þess efnis að óska eftir viðbrögðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins [Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið] varðandi upplagg um starfsemi og varðveislu Íslenska bæjarins til framtíðar af hálfu íslenska ríkisins.

Lagt fram til kynningar:

Fundargerðir frá öðrum landshlutasamtökum og samstarfsstofnunum.

Fyrirkomulag fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.

Ósk um aðstoð vegna funda á vegum HMS sem fyrirhugaðir eru á tveimur stöðum á Suðurlandi (Selfossi og Hornafirði) auk þess sem óskað er eftir að fá að komast að með erindi á mánaðarlegan upplýsingafund stjórnar fyrir kjörna fulltrúa á Suðurlandi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:00

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Teams þann 26. september 2025